

Efnisyfirlit

Pistill forstjóra	1
Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar	2
Starfsemi Vinnumálastofnunar	3
Vinnumarkaðurinn árið 2002	7
Vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir	10
EES-vinnumiðlun	14
Atvinnuleyfi útlendinga	17
Starfsmenntaráð	19
Atvinnuleysistryggingar	20
Ábyrgðasjóður launa	22
Alþjóðlegt samstarf	23
Svæðisráð og úthlutunarnefndir	25
Ársreikningar	26

Útgefandi: Vinnumálastofnun

Ritstjóri: *Karl Sigurðsson*

Hönnun kápu: *Birgir Þ. Jóakimsson*

Prentvinnsla: *Litróf*



Samstarf við sveitarfélögin mikilvægt



Við þær kerfisbreytingar sem urðu á opinberri vinnumiðlun í landinu árið 1997 með setningu laga um vinnumarkaðsaðgerðir og stofnun Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana á hennar vegum í hverjum landshluta, voru uppi gagnrýnisraddir sem óttuðust að tilflutningurinn á verkefninu frá sveitarfélögunum til ríkisins yrði til þess að sveitarfélögin yrðu áhugalaus um stuðning við atvinnulausa á sínum svæðum og litu á það sem skýrt verkefni ríkisins. Eðlilegt var að taka tillit til þessarar gagnrýni og til að tryggja áframhaldandi samband við sveitarfélögin um vinnumiðlunar- og atvinnuleysistryggingakerfið í landinu hafa sveitarfélögin átt fulltrúa í stjórn stofnunarinnar og

svæðisráðanna sem eru hverri svæðisvinnumiðlun til aðstoðar og ráðgjafar.

Nú hefur það alls ekki orðið svo að sveitarfélögin séu áhugalausari um atvinnumálin í sínu heimahéraði en þau voru áður og raunar gegna þau víða lykilhlutverki við að örva og styðja við atvinnuuppbygginguna.

Við skipulagningu vinnumarkaðsaðgerða hefur Vinnumálastofnun og svæðisvinnumiðlanirnar átt í margháttaðu samstarfi við sveitarfélögin. Þar ber hæst þau úrræði sem kölluð eru sérstök verkefni svæðisvinnumiðlana. Úrræði af svipuðu tagi gengu á árum áður undir vinnuheitinu átaksverkefni á vegum sveitarfélaganna. Sótt er um verkefni til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem veitir heimild til að tiltekin fjöldi einstaklinga sé ráðinn af atvinnuleysisskrá til starfanna og sveitarfélögin fá síðan atvinnuleysisbæturnar greiddar sem mótframlag upp í þau laun sem greidd eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi.

Vinnumálastofnun hefur unnið að úttekt á árangri þessara úrræða og það sýnir sig að yfir 70% þátttakenda eru ekki á atvinnuleysisskrá þremur mánuðum eftir að úrræðinu lauk. Það verður að teljast mjög góð niðurstaða.

Við fyrstu sýn kunna þau verkefni sem efnt hefur verið til að líta út sem gamaldags atvinnubótavinnu en þegar betur er að gáð þá er það alls ekki svo. Verkefni eru af fjölbreytilegu tagi s.s. við landgræðslu og fegrun umhverfisins, vinna við skjalasöfn og menningarstofnanir, stuðningur við aldraða, börn og fatlaða og endurbætur á gömlum húsum svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru uppbyggileg verkefni sem oft hafa leitt af sér framtíðarstörf fyrir hina atvinnulausu. Þá má ekki líta framhjá þeim mikilvæga hluta þessa úrræðis að skapa hinum atvinnulausa viðfangsefni sem viðheldur starfshæfni hans og jafnvel þjálfar hann og þróar til nýrra starfssviða.

Starfsemi sveitarfélaganna er víða mjög umfangsmikil og það er afar mikilvægt að milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélaganna sé gott samstarf vegna þess að það verður aldrei verkefni stofnunarinnar að útbúa starfsþjálfunarverkefni fyrir hina atvinnulausu. Þau verða aðeins til á vinnumarkaðnum sjálfum. Það er tengingin þar á milli sem er verkefni stofnunarinnar.

Samhliða stóráuknum vinnumarkaðsúrræðum í ljósi meira atvinnuleysis síðustu mánuði en ráð var fyrir gert, hefur Vinnumálastofnun lagt enn meiri áherslu á starfsráðgjafarþáttinn í starfsemi sinni. Sex starfsmenn stofnunarinnar hafa verið í framhaldsnámi við Háskóla Íslands í starfsráðgjöf og þegar því námi verður lokið verða þrettán starfsmenn með sérnám í náms- og starfsráðgjöf starfandi hjá stofnuninni. Fátt er mikilvægt í leiðbeiningu til þeirra sem misst hafa atvinnu sína og eru af þeim sökum staddir á krossgötum í lífi sínu en að þeir fái faglega þjónustu og ráðgjöf. Vinnumálastofnun leggur metnað sinn í að vera þekkt af slíku og liður í því er að hafa velmenntað og kunnátturíkt starfsfólk í sinni þjónustu.

Í þessari ársskýrslu er starfsemi stofnunarinnar reifuð í megin dráttum og greint frá niðurstöðutölum úr ársreikningum sjóðanna sem stofnunin rekur. Eins og sjá má kennir hér margra grasa og það er von okkar að með lestri þessarar skýrslu verði menn nokkru nær um þau mikilvægu viðfangsefni sem stofnunin sinnir.

Gissur Pétursson forstjóri
september 2003



Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar



Stjórn Vinnumálastofnunar 2001 til 2005 er þannig skipuð:

Hrólfur Ölvisson, formaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, varaformaður, Ellert Eiríksson, Halldór Grönvold, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Sjöfn Ingólfsdóttir og Þórður Ólafsson.



Starfsemi Vinnumálastofnunar

Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997. Meginmarkmiðið með þeim lögum er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu með vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðum af ýmsu tagi. Stofnunin skal hafa eftirlit með starfi svæðisvinnumiðlana og samræma starfsemi þeirra og auk þess veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu. Hún skal afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur, vinna úr þeim upplýsingum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar. Þá skal hún fylgjast með þróun í vinnumarkaðsmálum erlendis, miðla upplýsingum þar um til hlutadeigandi aðila og miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðinn hér á landi til erlendra aðila.

Auk vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða hefur Vinnumálastofnun umsjón með skráningu atvinnuleysis, greiðslu atvinnuleysisbóta og úrskurði um atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997. Atvinnuleysistryggingarsjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Þá annast Vinnumálastofnun skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Ennfremur annast stofnunin daglega umsýslu Starfsmenntaráðs, atvinnumála kvenna og Lánatryggingasjóðs kvenna.

Veiting atvinnuleyfa til útlendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis er jafnframt á höndum Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002.

Stjórn Vinnumálastofnunar

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnu-



Forstjóri Vinnumálastofnunar og forstöðumenn kveðja Svavar Stefánsson.

markaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar af ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Vinnumálastofnunar fylgist með þróun vinnumarkaðarins, gerir tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir og gefur ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Stjórnin er umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn og hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Stjórnin fundar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og að auki skal hún halda reglulega samráðsfundi með hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins ásamt aðilum sem búa yfir sérþekkingu á honum.

Svæðisvinnumiðlanir

Á vegum Vinnumálastofnunar eru starfræktar átta svæðisvinnumiðlanir í kringum landið auk þriggja smærri útibúa. Landinu er skipt upp í átta vinnumiðlunarsvæði sem



Sigurður Jónsson,
nýr forstöðumaður
Svæðisvinnumiðlunar
Suðurlands.

fylgja gömlu kjördæmamörkunum að mestu, nema hvað höfuðborgarsvæðið allt er eitt svæði og Suðurnes annað. Svæðisvinnumiðlanir eru starfandi á hverju svæði og miðast starfsemi þeirra í meginatriðum við að aðstoða atvinnuleitendur við að finna störf við hæfi og vinnuveitendur við leit að starfsfólki ásamt því að greiða út atvinnuleysisbætur. Þá tekur svæðisvinnumiðlun saman og miðlar upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar. Á hverri svæðisvinnumiðlun eru starfandi a.m.k. einn fulltrúi, forstöðumaður og einn ráðgjafi en fjöldi starfsmanna fer eftir stærð þjónustusvæðis viðkomandi svæðisvinnumiðlunar. Í lok árs 2002 voru starfsmenn Vinnumálastofnunar og þar með talið svæðisvinnumiðlana um 80 talsins.

Svæðisráð

Níu manna ráðgjafarnefnd, svæðisráð, er skipuð af félagsmálaráðherra í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun. Svæðisráðið er skipað þremur fulltrúum samtaka atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum samtaka launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélagsins og einum fulltrúa framhaldsskóla. Ráðherra skipar formann og varaformann úr þessum hópi. Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar situr fundi svæðisráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Svæðisráðið fylgist með stöðu atvinnumála á sínu svæði og kemur með tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir sem það beinir til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra eftir því sem við á. Svæðisráð aðstoðar svæðisvinnumiðlun í að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, til dæmis með því að fá aðila til samstarfs um úrræði. Að minnsta kosti einu sinni á ári gefur svæðisráðið stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á sínu svæði. Svæðisráð fundar eftir þörfum en að jafnaði einu sinni í mánuði.

Húsnæðis- og starfsmannamál

Þjónustuskrifstofa Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra á Sauðárkróki flutti í maí í nýtt húsnæði. Skrifstofan var staðsett í Stjórnsýsluhúsinu við Faxatorg við fremur þröngan kost. Hin nýja skrifstofa er ekki langt undan eða handan götunnar í nýju þróunarsetri. Skrifstofan er rúmgóð og björt og við þetta mun þjónusta við viðskiptavinum skrifstofunnar aukast til muna. Starfsmaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra á Sauðárkróki er Sigrún Erla Vilhjálmisdóttir.

Í janúar 2003 tók Sigurður Jónsson við sem forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands af Svavari Stefánssyni sem sagði starfi sínu lausu.

Í samræmi við fræðslustefnu Vinnumálastofnunar sóttu starfsmenn ýmis starfstengd námskeið á vegum stofnunarinnar á árinu 2002. Sex ráðgjafar og forstöðumenn svæðisvinnumiðlana sækja enn 5 anna fjarnám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ sem áætlað er að ljúki í lok árs 2003. Haldin voru námskeið um notkun Alsam tölvukerfis Vinnumálastofnunar fyrir allt starfsfólk svæðisvinnumiðlana og nokkur fjöldi starfsmanna fór á námskeið í ræðumennsku, viðtalstækni og samskiptatækni. Ráðgjafar og forstöðumenn fóru enn fremur á námskeið í „Starting Points“ hjá Kanadamanninum Norm Amundssen þar sem hann fjallaði um aðferðir sínar í ráðgjöf og kenndi notkun þeirra.

Ýmis verkefni

Vinnumálastofnun tók þátt í Viku símenntunar sem haldin var 8.-14. september en þema vikunnar að þessu sinni var símenntun í atvinnulífinu. Svæðisvinnumiðlanir tóku virkan þátt í starfinu og áttu í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og aðra aðila. Sem dæmi var framlag Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra til Viku símenntunar að bjóða almenningi upp á náms- og starfsráðgjöf. Ráðgjafar stofnunarinnar ferðuðust á milli þéttbýlisstaðanna á svæðinu ásamt starfsmönnum Farskóla Norðurlands vestra og fulltrúum stéttarfé-



laganna á svæðinu. Boðið var upp á ráðgjöf um náms- og starfsval ásamt áhugasviðsgreiningu. Til að koma til móts við íbúa á hverjum stað komu ráðgjafarnir sér fyrir á bókasöfnum staðanna og tóku þar á móti fólki sem hafði áhuga á að leita sér upplýsinga eða fara í áhugasviðsgreiningu, en áhugasviðsgreining er tæki sem notað er til þess að hjálpa fólki að finna starfsvettvang sem fellur að áhugasviði þess.

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Landsambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands ásamt félagsmálaráðherra undirrituðu á árinu 2002 samkomulag um starfsmenntamál sjómanna. Verkefninu verða tryggðar 45 milljónir króna frá Atvinnuleysisstryggingasjóði á þriggja ára samningstíma. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum þessara aðila og er meginhlutverk hennar að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun fyrir sjómenn.

Vinnumálastofnun stóð að málþingi um launamun kynjanna í febrúar 2002, ásamt félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu. Lagt var upp með það verkefni að leita lausna á því samfélagslega vandamáli sem launamunur kynjanna er á Íslandi sem og annars staðar. Meðal þeirra erinda sem flutt voru á málþinginu voru erindi um svæðisbundinn launamun, aðferðir til að ýta undir sjálföryggi kvenna og erindi um stöðu karla og kvenna með tilliti til samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs.

Íslendingar gerðust aðilar að Norðurslóðaáætlun ESB (Northern Periphery Programme) vorið 2002 með samþykkt nýrrar þingsályktunar iðnaðarráðherra um stefnu í byggðamálum á Alþingi. Verkefnið "Rural Business Women" er samstarfsverkefni fjögurra þjóða: Finnlands, Svíþjóðar, Skotlands og Íslands, en er undir stjórn Finna. Verkefninu er ætlað að efla atvinnusköpun kvenna í dreifbýli, sem lýtur að nýtingu náttúruauðlinda í viðum skilningi. Þá er átt við gæði lands og sjávar, jafnt hvað varðar framleiðslu og þjónustu sem byggir á náttúruauðlindum. Það verður gert meðal annars með rannsóknnum, fræðslu og stuðningi við



Frá ársfundi Vinnumálastofnunar 2002. Elísabet Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri Þróunarstofu Austurlands með erindi um margföldunaráhrif stóriðju

smáfyrirtæki kvenna auk markaðsgreiningar og markaðssetningar náttúruafurða.

Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar Byggðastofnunar í Norðvestur- og Norðausturkjördæmi fara með stjórn verkefnisins f.h. íslensku þátttakendanna, en auk þeirra tekur Símenntunarmiðstöð Vesturlands þátt í verkefninu, sem sérfróður aðili um miðlun fræðslu á strjálbýlum svæðum. Vinnumálastofnun er styrktaraðili þessa verkefnis til þriggja ára.

Hið gullna jafnvægi var samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Gallup um sveigjanleika í fyrirtækjum, samræmingu starfs og einkalífs og bætta nýtingu mannaúðs 2000-2001. Aðstandendur þess verkefnis fundu fyrir áhuga á framhaldi í einhverri mynd og varð niðurstaðan sú að vefsvæði verkefnisins var eflt og er það þungamiðja verkefnisins í dag. Vefsvæðið verður nokkurs konar opin ráðstefna um samræmingu starfs og einkalífs og miðpunktur frekari viðburða á þessu sviði sem Reykjavíkurborg mun hafa forgöngu um. Vinnumálastofnun hefur gerst "hollvinur" verkefnisins en í því felst samningur við Reykjavíkurborg um aðild til þriggja ára. Hollvinir verkefnisins eru nú samtals sautján og munu m.a. starfrækja vefsvæðið www.hgj.is árin 2003, 2004 og



Frá ársfundi Vinnu-
málastofnunar 2002.
Kór Flensborgarskóla
flutti nokkur lög.

2005 í þeim tilgangi að styrkja umræðu um sveigjanleika á vinnustöðum og samræmingu starfs og einkalífs og miðla nýjum fróðleik um það efni. Jafnframt munu þeir standa fyrir árlegri viðurkenningu til einstaklings, félagasamtaka eða vinnustaðar sem skarað hefur framúr á þessu sviði eða lagt þýðingarmikinn skerf til umræðunnar.

Fjármál

Á árinu 2002 varð halli á rekstri Vinnumálastofnunar um 4,2 milljónir en hallinn var 10,9 milljóna króna árið 2001. Þjónustutekjur og framlög frá öðrum en ríkissjóði námu 214,6 milljónum króna, þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og aðra sjóði, ráð og nefndir 209,6 milljónir. Framlag ríkissjóðs var á árinu 153,7 milljónir. Útgjöld námu um 372,5 milljónum króna.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 2.770 milljónir kr., sem er mikil hækkun frá fyrra ári, og skýrist af mikilli

fjölgun atvinnulausra. Nokkur hækkun varð á greiðslum vegna úrræða fyrir atvinnulausa, í sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana, til starfsmenntunar og til kjararannsóknarnefndar. Í árslok 2002 voru eignir Atvinnuleysistryggingasjóðs 9.108 milljónir kr. sem er nokkur hækkun frá árslokum 2001.



Vinnumarkaðurinn árið 2002



Fólki á vinnumarkaði fækkaði á árinu 2002 frá árinu áður. Fram til 2001 fjölgaði fólki á vinnumarkaði jafnt og þétt á tímum batnandi efnahagsástands, meðal annars vegna þess að skólafólk frestaði námi og sótti út á vinnumarkaðinn eða vann í meira mæli samhliða námi. Árið 2002 fækkaði hins vegar á fólki á vinnumarkaði úr um 163 þúsund manns í um 162 þúsund, samkvæmt vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar. Atvinnuþátttaka 16-74 ára lækkaði þannig úr nærri 84% árið 2001 í um 83% árið 2002. Fækkun í vinnuafl milli ára 2001 og 2002 varð einkum á höfuðborgarsvæðinu, en þar hafði fjölgun í vinnuafl einkum komið fram árin á undan. Á höfuðborgarsvæðinu var vinnuafl rúmlega 100 þúsund manns árið 2002 og hafði þá fækkað úr um 101.500 árið 2001. Á landsbyggðinni var vinnuafl um 60 þúsund manns árið 2002 sem er svipað og árið áður.

Sá samdráttur sem hófst á vinnumarkaði undir lok árs 2001 kom fram af fullum þunga árið 2002. Verulegur samdráttur varð í byggingariðnaði og þjónustustarfsemi af ýmsum toga, fyrirtæki héldu mjög að sér höndum við mannaráðningar og réðu minna af sumarafleysingafólki en árin á undan. Þá voru gjaldþrot fyrirtækja með mesta móti árið 2002 og jukust útgreiðslur Ábyrgðasjóðs launa vegna ógreiddra launakrafna verulega og voru meira en tvöfalt hærri en árið 2001. Á árinu 2003 fór heldur að rofa til á vinnumarkaði, einkum í byggingariðnaði í kjölfar stórauðinna framkvæmda ríkisins auk þess sem tekin var ákvörðun um byggingu Kárahnjúkavirkjunar þar sem framkvæmdir hófust á vormánuðum 2003.

Eftirspurn eftir vinnuafl í ýmis konar þjónustugreinum, s.s. tölvuþjónustu og upplýsingatækni og einnig í fjármálaþjónustu og skyldri starfsemi stóð nokkuð í stað á árinu 2002 eftir nokkurn samdrátt árið 2001 en fram að því hafði eftirspurn eftir vinnuafl í þessum greinum aukist jafnt og þétt um nokkurra ára skeið. Nokkurt atvinnuleysi hefur því verið viðvarandi í þessum greinum á árinu 2002 og framan af þessu ári, sem einkum kemur fram á höfuðborgarsvæðinu.


Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi árið 2002 var 2,5% sem er töluverð aukning frá árunum á undan. Þetta atvinnuleysi jafngildir því að 3.631 hafi að jafnaði verið á atvinnuleysisskrá árið 2002, samanborið við 2.009 manns árið áður. Á fyrstu mánuðum ársins 2002 var atvinnuleysið um og yfir 2,5% og lækkaði lítið yfir sumarmánuðina. Í lok árs jókst at-




vinnuleysið líkt og ævinlega á haustin og fór í 3% í desember. Í byrjun árs 2003 jókst atvinnuleysið mjög og var um 4% fyrstu mánuði ársins, en lækkaði nokkuð hratt þegar kom fram á sumar.

Atvinnuleysi karla og kvenna 2000-2003



Fjöldi langtímaatvinnulausra 2001 til 2003



Á landsbyggðinni tók atvinnuleysi að lækka strax í febrúar og hélst það ferli fram á sumar og fór atvinnuleysið lægst í um 1,5% í júlí og ágúst. Með haustinu jókst það aftur hratt og fór í 3,9% í febrúar 2003 en hefur lækkað hratt síðan. Atvinnuleysi á landsbyggðinni fylgir því nokkuð hefðbundnu ferli þar sem atvinnuástandið er gott yfir sumarmánuðina en versnar mikið yfir vetrarmánuðina. Á höfuðborgarsvæðinu jókst atvinnuleysi jafnt og þétt framan af árinu 2002 og stóð svo nokkuð í stað yfir sumarið. Aðhald fyrirtækja í starfsmannamálum kom þannig skýrar fram á höfuðborgarsvæðinu og var atvinnuleysi ungs skólafólks nokkuð áberandi yfir sumarmánuðina 2002. Með haustinu jókst atvinnuleysi svo enn og fór í 4,3% í byrjun þessa árs,

en hefur lækkað nokkuð síðustu mánuði.

Atvinnuleysi var sem fyrr meira meðal kvenna en karla á árinu 2002. Atvinnuleysi meðal kvenna var að jafnaði 3%, en 2,1% meðal karla. Atvinnuleysi karla jókst þó mun meira en kvenna þegar líða tók á árið 2002 og var lítill munur á atvinnuleysi karla og kvenna um áramótin og á fyrstu mánuðum þessa árs. Batnandi atvinnuástand á árinu 2003 hefur á hinn bóginn einkum komið körlum til góða og hefur atvinnuleysi meðal karla lækkað mjög hratt en minna hjá konum.

Atvinnuleysi er að jafnaði mest meðal ósérhæfðs starfsfólks. Í desember 2002 var skráð atvinnuleysi um 12% meðal ósérhæfðs starfsfólks, yfir 4% meðal fólks í ýmsum verslunar- og þjónustustörfum, um 2,5-3% meðal skrifstofufólks, bænda og sjómanna, iðnaðarmanna og véla- og vélgæslufólks, en lægra meðal fólks í öðrum starfstéttum.

Í desember 2002 var atvinnuleysið mest í greinum þar sem árstíðabundnar sveiflur eru hvað mest áberandi. Þannig var atvinnuleysi í fiskveiðum, fiskvinnslu og hótél- og veitingahúsarekstri um 5,5-6%. Þá var um 4% atvinnuleysi í iðnaði og samgöngum og fjarskiptaþjónustu, en minna atvinnuleysi innan annarra atvinnugreina.

Atvinnuleysi ungs fólks varð meira áberandi á árinu 2002 samfara versnandi ástandi á vinnumarkaði og meira aðhaldi fyrirtækja. Þannig var skráð atvinnuleysi fólks á aldrinum 16-24 ára um 3,6% í júlí og var komið yfir 5% í desember, en var milli 2 og 3% hjá öðrum aldurshópum.

Þeir sem verið hafa á atvinnuleysisrá á 6 mánuði eða lengur eru flokkaðir sem langtímaatvinnulausir. Fjöldi langtímaatvinnulausra jókst jafnt og þétt allt árið 2002 og fór úr um 450 í janúar í rúmlega 1000 manns í desember. Framan af árinu 2003 fjölgaði þeim enn og fóru hæst í ríflega 1500 í maí, en hefur fækkað nokkuð síðan.

Eftirspurn eftir vinnuafli


Samfara versnandi atvinnuástandi á árinu 2002 minnkaði eftirspurn eftir vinnuafli mikið. Kannanir Samtaka atvinnulífsins




sem gerðar voru meðal fyrirtækja á árunum 2001 og 2002 sýndu hratt minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli. Þannig má sjá í könnun SA í desember 2002 að fyrirtæki innan allra atvinnugreina nema ferðaþjónustu höfðu í hyggju að fækka starfsfólki á næstu mánuðum og var eftirspurn eftir vinnuafli á þessum tímapunkti með allra minnsta móti. Í könnun SA frá í sumar hefur eftirspurnin aukist nokkuð og hyggst stærstur hluti fyrirtækja halda óbreyttum starfsmannafjölda. Það er þó mismunandi eftir atvinnugreinum. Þannig má búast við töluverðri fækkun starfsfólks í fiskveiðum, fiskvinnslu og fjármálastarfsemi, en nokkurri fjölgun í öðrum greinum.

Í samræmi við minnkandi eftirspurn á vinnumarkaði fækkaði mjög veittum atvinnuleyfum vegna fólks utan hins evrópska efnahagssvæðis á árinu 2002 eftir stöðuga aukningu allt til ársins 2000. Alls voru veitt 502 ný atvinnuleyfi á árinu 2002 samanborið við 1401 árið 2001 og 1663 árið 2000. Á árinu 2002 var ríflega 20% atvinnuleyfa veittur vegna starfa við fiskvinnslu og lítið eitt færri, eða um 17%, vegna starfa við ræstingar og eldhússtörf. Mjög hefur fækkað veittum atvinnuleyfum til byggingariðnaðar og í ýmis iðnaðar- og verksmiðjustörf.

Áætluð hlutfallsleg fjölgun eða fækkun starfsfólks næstu mánuði skv. könnun SA



Útgefin atvinnuleyfi 1998-2002



Vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir



Þátttakendur sem luku námskeiði í stofnun og rekstri smáfyrirtækja á Akureyri á vormánuðum 2003.

Vinnumálafélagið hefur með höndum yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu, samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að jafnvægi á milli framboðs og eftirspunar eftir vinnuafli í landinu. Þessu markmiði skal náð með því að Vinnumálafélagið í samvinnu við svæðisvinnumiðlanir og skráningaraðila atvinnulausra fylgist með þróun á vinnumarkaði og gerir tillögur um viðeigandi aðgerðir. Svæðisvinnumiðlanir skulu vinna að því að útvega atvinnurekendum hæft starfsfólk og aðstoða fólk við atvinnuleit. Jafnframt veita þær upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun eftir því sem við á.

Vinnumiðlun í tölum

Heildarfjöldi þeirra sem komu á skrá svæðisvinnumiðlana á árinu 2002 var 15.137 manns, samanborið við 11.134 árið áður, sem gerir um 36% aukningu. Af þeim voru afskráðir 10.066 eða um 66% af öllum sem komu á skrá, sem er heldur lægra hlutfall en árið 2001 þegar það var 72%. Ekki er mikill munur á milli svæða, en hæst hlutfall afskráðra er á Norðurlandi vestra, 73% og á Norðurlandi eystra, 72%.

Alls bárust úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta yfir 11.300 umsóknir á árinu 2002, en allar slíkar umsóknir til fara í

gegn um skráningu og afgreiðslu hjá svæðisvinnumiðlunum. Um 56% umsókna - yfir 6.200 - eru á höfuðborgarsvæðinu og um 14% umsókna - tæplega 1.500 - á Norðurlandi eystra. Umsóknum hefur fjölgað um nálega þriðjung frá fyrra ári, mismikið þó milli svæða. Mikil aukning varð á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Vesturlandi. Fjöldi umsókna á Suðurlandi, á Norðurlandi vestra, Vestfirðum og á Norðurlandi vestra breyttist ekki mikið og á Austurlandi fækkað umsóknum nokkuð frá árinu áður.

Laus störf sem fyrirtæki óskuðu eftir starfsfólki í hjá svæðisvinnumiðlunum á árinu 2002 voru um 5.260 sem er nokkru meira en árið áður. Ráðið var í um 1.060 þessara starfa fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlana, eða um 20% lausra starfa, samanborið við 21% árið áður. Hafa verður í huga að eingöngu er skráð að um ráðningu sé að ræða ef fyrir því er full vissa. Í mörgum tilvikum er ráðning tilkomin fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlana án þess að svæðisvinnumiðlun fái um það vitneskju. Svæðisvinnumiðlanir ná því að lágmarki að ráða í 20% þeirra starfa sem óskað er eftir starfsfólki í, en að öllum líkindum er hlutfallið hærra.

Starfsleitaráætlun

Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 skal svæðisvinnumiðlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan 10 vikna frá atvinnuleysissskráningu. Áætlunin er fyrst og fremst aðferð til að aðstoða hinn atvinnulausa við að leita kerfisbundið að vinnu og miðast við persónulegar forsendur hans. Starfsleitaráætlun er jafnframt tengd sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði.

Um er að ræða þrjár megingerðir starfsleitaráætlana. Starfsleit 1 er samningur á milli svæðisvinnumiðlunar og atvinnuleitanda yfirleitt til 2-4 mánaða um hvernig atvinnuleit hans skuli háttáð næstu mánuði og hvort og þá hvaða úrræðum hann ætlar að taka þátt í. Starfsleit 2, sem venjulega er gerð að loknum gildistíma starfsleitar 1 eða




eftir 4-6 mánaða atvinnuleysi, er endurskoðuð áætlun um hvað atvinnuleitandinn ætlar að gera í atvinnuleit sinni og þátttöku hans í úrræðum á gildistíma áætlunarinnar. Fleiri möguleg úrræði eru í boði heldur en í tengslum við starfsleit 1. Starfsleit 3, sem að jafnaði er gerð eftir 10-12 mánaða atvinnuleysi, snýst um sérstaka greiningu og sérstök úrræði til að leysa vanda atvinnuleitandans. Atvinnuleitendur skila reglulega yfirliti yfir framgang starfsleitar.

Eðlilega er mest um áætlunir sem falla undir starfsleit 1, en þær voru tæplega 7000 á landinu öllu á árinu 2002. Áætlunir sem falla undir starfsleit 2 voru um 1300 og um 450 sem falla undir starfsleit 3. Samtals voru því gerðar rúmlega 8700 starfsleitaráætlunir á svæðisvinnumiðlunum árið 2002. Er hér um mikla fjölgun áætlana að ræða frá árinu 2001 þegar um 4650 áætlunir voru gerðar og í samræmi við þá aukningu á atvinnuleysi sem varð milli þessara ára. En atvinnuleysi var 1,4% árið 2001 og 2,5% árið 2002.

Hafa ber í huga þegar litið er á fjölda starfsleitaráætlana að sumir atvinnuleitendur hafa gert fleiri en eina starfsleitaráætlun. Þá ber að hafa í huga að nokkur munur er á útfærslu og framkvæmd starfsleitaráætlana milli svæðisvinnumiðlana. Á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra er í meira mæli notuð hópráðgjöf við gerð starfsleitaráætlana en annars staðar þar sem áætlunir eru nær eingöngu gerðar með einstaklingsráðgjöf.

Úrræði

Eitt verkefna svæðisvinnumiðlunar er að sjá til þess að hver og einn atvinnuleitandi eigi kost á úrræðum sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu hans og starfsmöguleika. Úrræðin miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins atvinnuleitanda og bjóðast eingöngu í tengslum við starfsleitaráætlunir. Framboð og fjölbreytni þeirra úrræða sem atvinnuleitanda gefst kostur á að taka þátt í eykst í samræmi við það hve lengi hann hefur verið skráður atvinnulaus hjá svæðisvinnumiðlun. Þannig er gert ráð fyrir að í tengslum við starfsleit 1 séu færri úr-




Þátttakendur í atvinnuúrræðum árið 2002

	Fjöldi Hlutfall		STAÐA EFTIR 3 MÁNUÐI			
			Ekki á skrá		Á skrá	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Sjálfsstyrkingar- og starfsleitarnámsk.	316	14%	124	39%	192	61%
Starfsleit 2	942	42%	350	37%	592	63%
Starfsleit 3	196	9%	41	21%	155	79%
Tölvunámskeið	437	20%	144	33%	293	67%
Menntasmiðjur	23	1%	9	39%	14	61%
Námsstyrkur	43	2%	29	67%	14	33%
Námssamningur	9	0%	1	11%	8	89%
Starfsþjálfunarsamningur	37	2%	28	76%	9	24%
Vinnuklúbbur	41	2%	18	44%	23	56%
MFA-skólinn	23	1%	3	13%	20	87%
Bókhalds- og skrifstofunámskeið	13	1%	4	31%	9	69%
Vinnuvéla- og meirapróf	11	0%	8	73%	3	27%
Önnur úrræði	126	6%	86	68%	40	32%
Samtals	2217	100%	845	38%	1372	62%

ræði en í tengslum við starfsleit 2 og 3. Alls luku 2217 atvinnuleitendur þátttöku í úrræði á árinu 2002 og af þeim voru 38% ekki á atvinnuleysissskrá þremur mánuðum eftir lok viðkomandi úrræðis.

Helstu úrræði

Tölvunámskeið. Mikill meirihluti tölvunámskeiða sem atvinnuleitendur sækja eru grunn- eða framhaldsnámskeið í ritvinnslu, töflureikni og glærugerð.



Sjálfsstyrkingar- og starfsleitarnámskeið. Markmiðið er að þátttakendur geri sér grein fyrir hvernig sjálfstraust getur haft áhrif á hegðun og líðan fólks og með hvaða hætti atvinnumissir ógnar sjálfstraustinu. Bent er á aðferðir sem hægt er að nota til að byggja upp eigið sjálfstraust og stuðla þannig að öruggari framkomu og betri líðan. Atvinnuleitendur eru aðstoðaðir við að kynna eigin styrkleikum og farið í hvernig best sé að bera sig að í starfsleit.

Starfsleit 2. Hópfundur ráðgjafa á Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins með



atvinnuleitendum sem verið hafa nokkra mánuði á atvinnuleysis-skrá. Atvinnuleitendur eru aðstoðaðir við að gera sér grein fyrir hvað hindrar þá í að finna starf við hæfi og hvernig þeir geta gert leitina markvissari. Farið er yfir hvernig starfsúmsókn og ferilskrá er gerð, hvar best sé að leita að störfum og fleira varðandi atvinnuleit.

Starfsleit 3. Úrræði á vegum Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins en markmiðið er að aðstoða langtímaatvinnulausa við að kanna og þekkja þá þætti sem hafa þarf í huga við starfsval og í starfsleit, hjálpa þeim að kynna sjálfum sér, hæfni sinni og styrkleikum m.t.t. starfsvals, auk þess að liðsinna þeim við að taka ákvörðun um hvert þeir vilja stefna.

Starfsþjálfun. Starfsþjálfun er skipulögð þátttaka atvinnuleitanda í starfsemi vinnustaðar um lengri eða skemmri tíma. Starfsþjálfun er einkum hugsuð fyrir þá sem þurfa að takast á við ný störf eða hafa verið lengi án vinnu. Atvinnuleitandinn er tekinn af atvinnuleysis-skrá og atvinnurekandinn fær greitt sem nemur bótahlutfalli atvinnuleitandans. Hámarkstími starfsþjálfunar á bótum er sex mánuðir.

Sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að styrkja sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana. Verkefni þurfa að vera skýrt afmörkuð og tímabundin og mega ekki vera í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri á landsvísi. Þá skulu þau unnin innan umdæmis viðkomandi svæðisvinnumiðlunar og nota skal vinnuafll af atvinnuleysis-skrá þess umdæmis.

Styrkhæf verkefni geta verið af ýmsum toga, t.d. tímabundin verkefni fyrir atvinnulausa á vegum opinberra aðila, stuðningur við atvinnulausa einstaklinga sem hyggjast stofna fyrirtæki og stuðningur við fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu. Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs tekur endanlega ákvörðun um veitingu styrkja að fenginni umsögn framkvæmdaráðs sjóðsins.

Alls voru 58 verkefni í gangi á vegum fyrirtækja, sveitarfélaga, einstaklinga og annarra aðila árið 2002 og 8 verkefnum var hafnað. Af samþykktum verkefnum voru 18 á vegum einstaklinga sem hefja vildu eigin rekstur eða 28%, 12 á vegum sveitarfélaga eða 21%, 17 flokkast undir aðra starfsemi eða 29% og 11 á vegum fyrirtækja eða 19%.

Alls tóku 130 manns þátt í sérstökum verkefnum árið 2002. Af þessum hópi voru



35 á atvinnuleysisskrá 3 mánuðum eftir þátttöku eða 27%. Af 78 körlum voru 21 á skrá eftir 3 mánuði eða 27% en 14 af 52 konum eða 27%. Engin marktækur munur er því á milli kynjanna í þessu samband að öðru leyti en því að fleiri karlar tóku þátt í sérstökum verkefnum eða 60%.

Þátttaka ungs fólks er áberandi en 61% þátttakenda voru á aldrinum 16-29 ára.

Um 60% þeirra er tóku þátt í sérstökum verkefnum höfðu verið frekar stutt á skrá eða 0-3 mánuði áður en til úrræðis kom og voru 18% þeirra á skrá 3 mánuðum eftir lok úrræðis samanborið við 41% þeirra er höfðu verið 3 eða fleiri mánuði á skrá.

Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda í sérstökum verkefnum eða 78% höfðu einungis grunnskólapróf að baki en varast ber að draga of miklar ályktanir af því þar sem að 42% þátttakenda voru á aldrinum 16-19 ára.

Atvinnumál kvenna

Sérstök áhersla er lögð á atvinnumál kvenna hjá Vinnumálastofnun. Ástæðan er sú að konur hafa víða haft færri tækifæri til atvinnu, einkum á landsbyggðinni og einnig er aðgangur kvenna að fjármagni til uppbyggingar atvinnustarfsemi oft lítill. Því hefur verið starfræktur sérstakur sjóður frá árinu 1991 sem annast styrkveitingar til kvenna.

Markmiðið með styrkveitingum hefur einkum verið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, að viðhalda byggð um landið og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auka aðgang kvenna að fjármagni, ekki síst fyrir konur sem stunda starfsemi sem nýtur síður fyrirgreiðslu í hefðbundnum lánastofnunum. Markmiðið er einnig að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

Árið 2002 bárust rúmlega 130 umsóknir og var 68 styrkjum úthlutað. Til úthlutunar voru kr. 20 milljónir og var úthlutað tvisvar á árinu. Veittir voru styrkir til verkfna einstaklinga og fyrirtækja, kvennasmiðja og félagasamtaka.

Höfnun á styrkumsóknum var einkum vegna samkeppnissjónarmiða, sótt var um rekstrarstyrki sem aldrei hafa verið veittir, eða að verkefni voru ekki hefðbundin



Útskriftarhópur
Menntasmiðjunnar Elínar
á Vesturlandi á vorönn
2002.

kvennaverkefni en það eru verkefni sem eru í eigu kvenna og er stjórnað af konum.

Lánatryggingasjóður kvenna

Lánatryggingasjóður kvenna hóf starfsemi 1998 sem þriggja ára tilraunaverkefni. Stofnendur sjóðsins eru félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og iðnaðarráðuneyti. Vinnumálastofnun annast umsýslu sjóðsins.

Markmiðið með stofnun sjóðsins var að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum, en sýnt þótti að konur ættu af ýmsum ástæðum erfiðara en karlar með að fá lán hygðust þær koma á fót atvinnurekstri.

Unnin var úttekt á starfsemi Lánatryggingasjóðsins eftir að tilraunatímabili hans lauk og ljóst þykir að sjóðurinn hefur staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans. Starfsemi sjóðsins hefur skipt sköpum fyrir þau verkefni sem hlotið hafa tryggingu hjá honum og fæst þeirra hefðu farið af stað án hans, samkvæmt úttektinni.

Þá var ákveðið að framhald yrði á starfsemi Lánatryggingasjóðsins í a.m.k. 3 ár til viðbótar. Samið var við Landsbanka Íslands um að annast lánveitingar til umsækjenda og veitir bankinn lánatryggingar til helminga á móti sjóðnum. Árið 2003 er lokaár framhaldstímabils sjóðsins og að því loknu munu fara fram viðræður stjórnar og eigenda sjóðsins um stöðuna. Frá upphafi hefur verið veitt 41 lánatrygging en 156 umsóknir hafa borist.

EES-vinnumiðlun



Frá haustfundi EURES á Íslandi 2002.

EURES (EUROpean Employment Services), er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun og er hún til húsa í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði. Tveir Eures-ráðgjafar, (heitinu var breytt úr evróráðgjafa í Eures-ráðgjafastarfa vegna nýrrar myntar) starfa nú við EES-vinnumiðlunina, Jón Sigurður Karlsson og Dröfn Haraldsdóttir. Dröfn lauk Eures-ráðgjafa námi í apríl, að loknum námskeiðum og verkefnavinnu á vegum EURES. Á öllum svæðisvinnumiðlunum eru auk þess starfandi tengiliðir sem geta veitt ráðgjöf og/eða nánari upplýsingar um þjónustuna. Ketill Jósefsson forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar Suðurnesja sótti námskeið á vegum Vinnumálastofnunar Norðs (AETAT) sem er sniðið fyrir EES-tengiliði.

Um 500 Eures-ráðgjafar mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Þetta samskiptanet tengir saman opinberar vinnumiðlanir á evrópska efnahagssvæðinu. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-löndum og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á svæðinu.

Eures-ráðgjafar búa yfir sérfræðipækkingu í atvinnumálum á evrópska efnahagssvæðinu og veita auk þess upplýsingar um

ýmis önnur málefni eða vísa áfram til viðeigandi sérfræðinga, m.a. um almannatryggingar og heilsugæslu, skattamál, menntamál, starfsþjálfunartækifæri, samþanburð á starfsréttindum, framfærslu og húsnæðiskostnað og ýmis hagnýt heimilisföng.

Á árinu 2002 voru skráð samskipti við atvinnuleitendur, (tölur í svigum eiga við árið 2001), 3.420 (4.138), við atvinnurekendur 892 (767) og 736 (982) við ýmsa aðra aðila. Samskipti íslensku Eures-ráðgjafanna við atvinnuleitendur, atvinnurekendur og aðra aðila eru töluvert fleiri en kollega þeirra í öðrum löndum evrópska efnahagssvæðisins þegar mið er tekið af fjölda Eures-ráðgjafa, en þeir eru aðeins tveir hér á landi.

Umsóknir frá EES-borgurum sem fóru um hendur Eures ráðgjafa voru 2.442 (2.325), þar af komu 302 til starfa, álíka fjöldi og árið áður. Það má því gera ráð fyrir 8 umsóknum um hvert starf. EES-Vinnumiðlun notar rafrænt umsóknareyðublað á internetinu, sem flýttir mjög afgreiðslu þeirra. Samskiptum við atvinnurekendur fjölgaði um 12% en samskiptum við atvinnuleitendur fækkaði um 21%, líklega vegna aukinna möguleika á sjálfshjálpi gegnum heimasíður Vinnumálastofnunar og EES-Vinnumiðlunar. Fyrirspurnum frá Íslendingum um störf í öðrum EES-löndum fór heldur fjölgandi, í takt við færri tækifæri á Íslandi.

Vinnuafliþörf íslenskra fyrirtækja minnkaði miðað við fyrri ár. Þó var áfram svipuð eftirspurn eftir fólki til landbúnaðarstarfa, lítið eitt aukin spurn eftir fólki til garðyrkju- og sláturhúsastarfa. Þá fjölgaði auglýstum störfum í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Á öllu árinu voru 132 (346) auglýsingar vegna 330 starfa færðar í sameiginlegan gagnagrunn EURES-kerfisins í Brussel, talsvert færri en árið 2001. Það tókst að manna yfir 90% auglýstra starfa, hlutfallið var einna lakast í fiskvinnslustörf. Miðað við fyrri ár dró verulega úr fjölbreytni auglýstra starfa í EES-löndunum, byggingariðnaðar- og upplýsingatæknistörf hurfu nánast og mjög fá komu frá heilbrigðisstofnunum.



Auglýst störf á Íslandi í sameiginlegum gagnagrunni EES-vinnumiðlunar skiptast svo eftir atvinnugreinum:

	2002	2001	2000
Landbúnaður	47%	26%	10%
Kjöttvinnsla	31%	17%	22%
Fiskvinnsla	4%	21%	10%
Framleiðsluiðnaður	2%	10%	7%
Byggingariðnaður	0,5%	7%	18%
Veitinga- og gistihús	12%	7%	12%
Heilbrigðisstofnanir	2%	4%	9%
Upplýsingatækni	0,5%	5%	8%
Annað	1%	3%	4%

Framboð starfa á höfuðborgarsvæðinu var áfram mjög lítið. Sem fyrr var erfitt að fá leiguhúsnaði á viðráðanlegu verði á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir margar umsóknir um fiskvinnslustörf voru ráðningar í slík störf hlutfallslega fáar. Ýmsar ástæður lágu að baki, í sumum tilfellum sérstakar aðstæður í húsnæðismálum, s.s. aðættingjum starfsmanna utan EES bauðst húsnæði en ekki öðrum. Einnig skipta máli eindregnar óskir atvinnurekenda um lengd ráðningartímabils, einkum vegna þess að það tekur tíma að öðlast færni í starfinu. Þjónusta EES-vinnumiðlunar var valkostur sem boðinn var þeim sem vildu fá atvinnuleyfi fyrir fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins og reyndist það í sumum tilvikum raunhæfur kostur, en ekki í öðrum.

Á árinu 2000 fór í gang verkefni til þess að efla samvinnu um árstíðabundin störf í sláturhúsum, en í því verkefni tóku þátt Ásmundur Sverrir Pálsson á Svæðisvinnumiðlun Suðurlands, Frank Friðrik Friðriksson frá Vinnumálastofnun og Jón Sigurður Karlsson EES-vinnumiðlun. Áfram var unnið að því verkefni árið 2002. Ráðningar til sláturhúsanna voru um 70 haustið 2002 (64 árið 2001) og er það sem fyrr stærsta einstaka verkefnið á vegum EES-vinnumiðlunar. Leitast var við að vera í góðu samstarfi við svæðisvinnumiðlanir í takt við þá stefnu að auka samþættingu EES-vinnumiðlunar við innlenda vinnumiðlun. Vegna minni eftirspurnar hjá flestum svæðisvinnumiðlun-



Frá vörfundum EURES á Íslandi 2002.

um fækkaði eðlilegum ástæðum samskiptum og verkbeiðnum frá þeim.

Alls voru 302 (305) EES-borgarar ráðnir gegnum EES-vinnumiðlun til íslenskra atvinnurekenda á árinu 2002, svipaður fjöldi og árið áður. Fyrirspurnir bárust frá flestum EES-landanna, en milli 70-80% fyrirspurna voru sem fyrr frá hinum Norðurlöndunum og á það líka við um ráðningar.

Fjöldi ráðninga á Íslandi eftir upprunalandi:

	2002		2001		2000	
	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall	fjöldi	hlutfall
Svíþjóð	142	47%	136	45%	174	52%
Danmörk	40	14%	41	13%	37	11%
Finnland	38	13%	51	17%	34	10%
Belgía	17	6%	18	6%	20	6%
Bretland	16	5%	18	6%	23	7%
Þýskaland	15	5%	10	3%	9	3%
Noregur	10	3%	10	3%	5	2%
Spánn	8	3%	6	2%	2	1%
Frakkland	5	2%	3	1%	4	1%
Ítalía	4	1%	4	1%	12	4%
Austurríki	4	1%				
Holland	3	1%	5	2%	16	5%
Grikkland	0	0%	2	1%		
Samtals	302	100%	305	100%	336	100%

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar má ætla að um 600 EES-borgarar á vinnu-aldri hafi flutt til Íslands á árinu 2002 og



*Erlendir gestir á
vorfundi EURES
skoða Gullfoss í
klakaböndum.*

dvalið/unnið um lengri eða skemmri tíma. Það má ætla að einhverjir hafi komið vegna persónulegra tengsla og hafi getað komist í vinnu án aðstoðar vinnumiðlunarkerfisins.

Vitað var um liðlega 60 Íslendinga sem

fóru til vinnu í öðrum EES-löndum árið 2002, sem er heldur fleira en árið áður.

Einnig er veitt ráðgjöf þeim sem koma í atvinnuleit til Íslands eða fara utan með vottorð E-303, sem veitir rétt til að flytja atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði milli EES-landa.

EES-borgarar sem hafa verið í vinnu á Íslandi geta fengið vottorð E-301 sem staðfestir að iðgjald atvinnuleysistryggingar hefur verið greitt vegna starfa þeirra hér á landi og flytja þeir réttinn með sér. Útgáfa vottorðsins er háð því að atvinnurekandinn hafi greitt lögbundið tryggingagjald af laununum. Í nokkrum tilvikum þurfti að aðstoða fólk til þess að ná rétti sínum að þessu leyti.

Af öðrum verkefnum má nefna að EES-vinnumiðlun tók þátt í sameiginlegri kynningu Evrópusambandstengdra skrifstofa á Íslandi. Evrópurútan var sameiginlegt kynningarverkefni, en starfsemin (þar á meðal EES-vinnumiðlun) var kynnt á fundum á þéttbýlisstöðum um allt land, og á lokafundi í Ráðhúsi Reykjavíkur í mars. Evrópuhús var haldið í Perlunni í nóvember. Einnig hélt hópurinn úti dálki í Morgunblaðinu með reglulegu millibili.

Árlegur fundur EES-vinnumiðlunar var haldinn í mars á Úlfjótssvatni með þátttöku fulltrúa frá Finnlandi, Noregi, Hollandi, Danmörku og Belgíu.

Fundir voru haldnir með forstöðumönnum svæðisvinnumiðlana og EES-tengiliðum í nóvember. Þá sinnir skrifstofan almennri vinnumiðlun í Hafnarfirði og næsta nágrenni.



Atvinnuleyfi útlendinga

Á þeim fimm árum sem liðin eru frá því Vinnumálastofnun tók við veitingu atvinnuleyfa útlendinga hafa orðið miklar breytingar í útlendingamálum á Íslandi nú síðast með tilkomu nýrra laga um útlendinga og um atvinnuréttindi útlendinga. Stór hópur útlendinga sem í upphafi kom hingað til lands í tímabundin störf á undanförunum árum hefur kosið að setjast hér að og eru þessir útlendingar nú mikilvægir þátttakendur í íslensku atvinnulífi. Eðlilega hefur þessi þróun leitt til aukinnar þarfar á sérhæfðri þjónustu við þennan stóra hóp og má í því sambandi benda á stofnun Fjölmenningssetursins á Vestfjörðum, Alþjóðahúss í Reykjavík og Alþjóðastofu á Akureyri. Þá hafa ýmsir fræðslusjóðir á vinnu- markaði og Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins veitt styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Fram til ársins 2000 fjölgaði nýjum veittum atvinnuleyfum jafnt og þétt vegna mikillar þenslu á vinnu- markaði en helstu skilyrði laganna um atvinnuréttindi útlendinga eru að kunnáttumenn verði ekki fengnir innanlands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Sú þróun stöðvaðist árið 2001 samfara minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli og árið 2002 dró mjög úr veitingu nýrra atvinnuleyfa. Í kjölfar mikils innflutnings á erlendu vinnuafli fram til ársins 2001 hefur hins vegar orðið aukning á veitingu framlengdra tímabundinna leyfa sem og óbundinna atvinnuleyfa.

Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga

Um síðustu áramót tóku gildi ný lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002.

Við endurskoðun laganna um atvinnuréttindi útlendinga voru ekki gerðar grundvallarbreytingar á því fyrirkomulagi sem verið hefur við veitingu atvinnuleyfa. Eftir sem áður heyrir veiting dvalar- og atvinnuleyfa undir tvær stofnanir, Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun. Meginskilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt lögum eru þau sömu og samkvæmt eldri lögum þ.e. að ekki fáið íslenskir kunnáttu-



Fjölmenningslegi barnakórinn Heimsljósin undir stjórn Júlíönu Indriðadóttur.

